



I. INNGANGUR

Eins og fram kom í fundarboði skipaði bæjarstjórn Vesturbyggðar starfshóp um framtíðarskipulag Látrabjargs og nágrennis í janúar sl., en í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að svæðið verði friðlýst. Í starfshópnum sitja auk bæjarstjóra fulltrúi landeigenda að Látrum, Gísli Már Gíslason, Keran Stueland Ólason í Breiðavík, sem lýst hefur áhuga á að allt hans land verði friðlýst, Jón Þórðarson, fulltrúi ferðamálasamtaka Vestfjarða og Anna Kristín Ólafsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir að fulltrúar meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar bætist í hópinn nú í haust.

Á vormánuðum og í sumar hefur verið unnið að því að kynna hugmyndina og fá fram viðbrögð frá landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Ráðinn var heilsárssérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar, Hákon Ásgeirsson, til að vinna að verkefninu, sinna landvörslu á svæðinu og hafa yfirumsjón með landvörslu á sunnanverðum vestfjörðum, þ.m.t. Vatnsfirði. Hann mun hafa vetrarsetu á Patreksfirði.

Upphaflega var eingöngu litið til mögulegrar friðlýsingar landsins frá Breiðavík suður í Keflavík, en þegar á leið kom í ljós að talsvert margir landeigendur utan þess svæðis en innan svæðisins sem tilheyrði gamla Rauðasandshreppi hafa áhuga á að taka þátt í umræðu um mögulega friðlýsingu og jafnvel lýst áhuga á að friðlýsa sitt eigið land sem hluta þjóðgarðs. Tilgangur þessa fundar er að ræða kosti og galla friðlýsingar og fá fram viðhorf ykkar fundargesta.

II. ALMENNT UM FRIÐLÝSINGAR

Frumkvæði að friðlýsingu svæðis, þ.e. sjálf tillagan getur komið til með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi mótar ríkisvaldið sér stefnu og áætlun um friðlýsingar, svokallaða náttúruverndaráætlun. Fyrsta náttúruverndaráætlunin gildi frá 2004 til 2008 og var þar m.a. gerð tillaga að friðlýsingu svæðisins vestan Kleifarheiðar, þ.m.t. Látrabjargs og Rauðasands sem þjóðgarðs. Ekkert varð af friðlýsingu svæðisins á því tímabili en nú er önnur náttúruverndaráætlun í gildi frá árinu 2009 til 2013 og var sá háttur hafður á að þau svæði sem ekki tókst að friðlýsa á tíma fyrri áætlunar færdust yfir á þá síðari, þ.m.t. Látrabjarg-Rauðasandur. Tillögur að friðlýsingum svæða geta einnig komið frá sveitarfélögum, einstökum landeigendum, og Umhverfisstofnun. Frumkvæði að endurupptöku málsins, ef svo má að orði komast, kom nú frá bæjarstjórn Vesturbyggðar og er það ánægjuefni.

Í undirbúningi friðlýsingar er ávallt leitað álits Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi viðkomandi svæðis sem og annarra sérfræðinga ef talin er ástæða til.

Viðmið Náttúrufræðistofnunar Íslands við mat hennar á verndargildi svæða eru m.a. að þau:

- Hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu
- Óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun
- Nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda
- Hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi
- Mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla
- Hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi
- Einkennandi fyrir náttúruferla viðkomandi landshluta

Mikilvægt er að árétta strax í upphafi að undirbúningur mögulegrar friðlýsingar, sem og framkvæmd hennar, ef af verður, eru í eðli sínu samráðsferli þar sem að koma allir þeir aðilar sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Forsenda friðlýsingar er samkomulag við alla réttthafa viðkomandi svæðis, þ.e. sveitarfélag, landeigendur og, eftir atvikum, ábúendur.

III. RÖSEMDARFÆRSLA FYRIR FRIÐLÝSINGU LÁTRABJARGS OG NÁGRENNIS

Um náttúru og lífríki skagans er fráleitt að ég fræði ykkur – það þekkið þið betur en flestir. Engu að síður er vert að halda til haga þeim forsendum fyrir friðlýsingu sem fram komu í tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands og



Umhverfisstofnunar í aðdraganda Náttúruverndaráætlunar 2004-8. Þar var gerð tillaga um friðlýsingu alls svæðisins vestan Kleifarheiðar sem þjóðgarðs.

Í svæðislýsingunni segir:

„Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja. Vestast á Látrabjargi eru Bjargtangar sem jafnframt er vestasti tangi landsins og álfunnar. Bæjarvaðall og Rauðasandur eru víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi. Hafnarvaðall í Örlygshöfn með miklar skeljasandsfjörur og fjölskrúðugt fuglalíf.

Í Látrabjargi er stærsta álkubyggð í heimi og þar nær lundi líklega alþjóðlegum verndarviðmiðum. Miklar og tegundaauðugar leirur í Bæjarvaðli. Á svæðinu hafa orpið yfir 45 tegundir fugla, þar á meðal sjö tegundir á valista: Himbrimi, grágæs, straumönd, fálki, svartbakur, stuttnefja og hrafn.

Mikið af sel, m.a. á Rauðasandi. Sérkennilegir sandhólar í Sauðlauksdal og þar er m.a. garðurinn Ranglátur sem hlaðinn var til þess að hefta sandfok. Brúnkolanámur eru í Stálfjalli.“

Þegar kemur að rökum og viðmiðum stofnananna fyrir verndun segir m.a:

„Mikilfenglegt og fjölbreytt landslag, fuglabjarg, minjar um búskap við sjó og sjósókn fyrri tíma. Hluti af svæðinu er enn í byggð. Söguminjar. Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð. . . Sjaldgæfar tegundir og tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar. Óvenju tegundaríkt svæði og viðkvæmt fyrir röskun. Sérlega fjölbreyttar náttúruminjar. Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð. Vísinda, félags-, efnahags- og menningarlegt gildi. Einkennandi fyrir náttúruvar viðkomandi landshluta. Sjónrænt gildi.“

Undir þessar lýsingar getum við vafalaust öll tekið, þó einhverjar breytingar kunni reyndar að hafa orðið á fuglalífi hér á síðustu árum. Svæðið er sannarlega einstakt, og hefur mikið gildi fyrir landeigendur, landsmenn alla og alþjóðasamfélagið í heild. Það væri skelfilegt ef á því og lífríki þess yrðu unnar varanlegar skemmdir, hvort sem þær kæmu til á lengri eða skemmri tíma.

Margir benda réttilega á að hingað til hafi landeigendur almennt séð vel um svæðið, og ekki sé svo mikið um varanlegar skemmdir að ræða af mannavöldum. Því er til að svara að jafnvel þó að svo hafi verið hingað til er ekkert okkar eilíft og því engin vissa fyrir því að framtíðareigendur muni leggja sömu alúð við náttúru og sögulegar minjar og forverar þeirra hafa gert. Það hníga því ákveðin rök að því að koma á samstarfi ríkis, landeigenda og sveitarfélags um vernd svæðisins, þannig að fleiri deili ábyrgðinni til framtíðar.

IV. AUKIÐ ÁLAG

Fjöldi ferðamanna á skaganum vestan Kleifarheiði vex ár frá ári. Í ljósi þessa er það skoðun mín og Umhverfisstofnunar að til að mæta auknu álagi sé æskilegt að setja skýrari reglur um umferð, beina meginþunga bílaumferðar (einkum rútum) um veg fyrir ofan þorpið á Látrum, sjá til þess að stígum sé vel við haldið og gönguleiðir merktar. Einnig er þörf á að bæta salernisaðstöðu, tryggja að þeirri aðstöðu sé sinnt reglulega, sjá til þess að rusl sé tínt og því fargað og merkja betur hvar heimilt er að tjalda og hvar ekki. Leiðbeina þarf fólki um svæðið og fræða það um náttúru þess og sögu, en einnig að sjá til þess að þeim reglum sem settar hafa verið sé skilyrðislaust hlýtt. Vissulega er mörgum af þessum verkefnum núna sinnt af landeigendum, en alltaf má gera betur og allt kostar þetta peninga. Ljóst er að með friðlýsingu myndi ríkið skuldbinda sig til þess að verja fjármagni í nauðsynlegar framkvæmdir, viðhald og landvörslu.

V. UM FRÆDSLUNA SÉRSTAKLEGA



Eins og fram kemur í textanum úr friðlýsingartillögunni frá 2004 sem áður er vitnað í eru á svæðinu mikilfenglegar náttúruminjar og fágætar söguminjar – minjar um búskap við sjó og sjósókn fyrri tíma, minjar um og sagnir af samspili manns og náttúru. Þeir sem hafa ferðast um svæðið, þar á meðal ég, heillast algjörlega af hvoru tveggja og vilja sækja sér meiri upplýsingar, meiri fræðslu. Samtöl mín við landeigendur, einkum af eldri kynslóðinni, hafa sannfært mig um mikilvægi þess að gera átak í því að skrá söguna betur áður en hún gleymist, og síðan miðla henni á þann hátt að sómi sé að. Svæðið er nefnilega ekki bara einstakt af náttúrunnar hendi, heldur líka fyrir það hvernig menn hafa lifað með henni og af henni í aldanna rás.

Fyrirbærið Þjóðgarður er í eðli sínu (og samkvæmt innlendum og erlendum skilgreiningum) staður eða landssvæði sem friðlýst er í þrennum tilgangi vegna sérstöðu þess: til að vernda það, til að bjóða almenningi að njóta útivistar, og til að fræða fólk um náttúru þess og sögu. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að Látrabjarg og nágrenni mætir viðmiðunum þremur einstaklega vel og er því – umfram flest önnur svæði á Íslandi - tilvalið sem Þjóðgarður. Þar mætti koma upp neti þjónustu- og fræðslustöðva á mikilvægum stöðum sem leiddi gesti frá einum stað til annars þar sem þeir gætu sótt upplýsingar og fræðslu um náttúru, sögu og nauðsynlegar öryggisráðstafanir á þeim svæðum þar sem hætta kann að steðja að ferðamönnum.

VI. UPPBYGGING OG ATVINNUSKÖPUN

Reynslan segir okkur að Þjóðgördum – líka hér á Íslandi - fylgir bæði uppbygging innviða, bætt vegakerfi og atvinnusköpun, ekki eins og töfraspota væri veifað, heldur jafnt og þétt á nokkrum tíma. Það segir sig hins vegar sjálft að af uppbyggingu innviða svo sem vega, stíga, skilta og annarra mannvirkja verður aldrei nema í fullkominni sátt við landeigendur. Það er sérstaklega mikilvægt að áréttu þetta hér þar sem í þessu tilfelli er að megni til verið að fjalla um land í einkaeign.

Þjóðgarðar skapa líka störf, bæði opinber störf í Þjóðgarðinum sjálfum og afleidd störf af ýmsu tagi, ekki síst við ferðamennsku og þjónustu. Þetta hefur sýnt sig á Snæfellsnesi og í sveitarfélögunum átta sem standa að Vatnajökulsþjóðgarði. Þar hafa einstaklingar og fyrirtæki nýtt sér Þjóðgarðinn eða tengsl við hann sem gæðastimpil, sérstöðu og annað sem tengist markaðssetningu og atvinnusköpun. Til þessa líta margir, ekki síst unga fólkid á svæðinu sem vill sjá ný atvinnutækifæri sem gætu auðveldað þeim að búa þar áfram og starfa til framtíðar

Anna K. Ólafsdóttir